

Ed.

446. Nefndarálit

[110. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 11. des. s. l. var frumvarpi þessu um samþykkt ríkisreikningsins 1960 útbýtt á Alþingi, og þann sama dag var frumvarpið tekið til 1. umræðu í Ed. og vísað til fjárhagsnefndar deildarinnar.

Í fjárhagsnefnd hefur frumvarpið legið síðan, verið nokkrum sinnum tekið fyrir, en afgreiðslu frestað jafnharðan, þar til meiri hlutinn tók sig til 16. þ. m. og gaf út nefndarálit og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutann skipa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni (JP, MJ og ÓB).

Það, sem tafið hefur þetta mál, er, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna láta fylgja reikningnum athugasemdir, sem telja má til einsdæma að efni til í sambandi við ríkisreikninga. Á ég þar við athugasemdirnar nr. 39 vegna rekstrar togarans Brimness. Þessar athugasemdir er að finna á bls. 238—241 í „Ríkisreikningnum“.

Ljóst er af athugasemdunum, að stórkostleg óreiða hefur átt sér stað í bókhaldi, sem hvorki er búið að upplýsa né gera skil á.

Í athugasemdunum er vitnað í ýmis skilríki, svo sem bréf, dags. 3. des. 1960, til fjármálaráðuneytisins frá skilanefnd, sem ráðuneytið hafði skipað, og svör útgerðarstjórans við framkomnum athugasemdum að því leyti, sem hann hafði skríflega reynt að bera hönd fyrir höfuð sér.

Þessi skilríki fékk ég sem fjárhagsnefndarmaður leyfi til að skoða. Komst ég við þá athugun að þeirri niðurstöðu, að athugasemdir yfirskoðunarmannanna væru síður en svo harðar um of.

Fjármálaráðherrann svaraði 5. des. s. l. athugasemdum yfirendurskoðendanna (sjá bls. 252—253 í „Ríkisreikningnum“) og sagði:

„Ráðuneytið hefur fullan hug á því, að reikningsskilum þessarar útgerðar ljúki sem allra fyrst. Hefur ríkisendurskoðanda verið falið málið, og vinnur hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós eða eigi hafa verið skýrð á fullnægjandi hátt, og leggur ráðuneytið áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað, svo sem verða má.“

Ríkisendurskoðandinn sagði mér fyrir um það bil mánuði, að hann væri búinn að skila skýrslu sinni um málið til fjármálaráðherrans.

Við minnihlutamennirnir í fjárhagsnefnd höfum krafizt þess, að nefndin fengi að sjá skýrslu endurskoðandans. En fjármálaráðherrann hefur endurtekið neitað að verða við þeirri kröfu.

Ekki veit ég til, að slík neitun eigi sér fordæmi. Þingnefnd, sem ríkisreikningi er til vísað til athugunar og umsagnar, hlýtur að eiga rétt til að fá um hann allar þær upplýsingar, sem fjármálaráðherra — eða ráðuneyti hans — getur gefið.

Synjun ráðherrans er furðuleg og hlýtur að vekja grunsemdir um, að fram hafi komið óþægilegar upplýsingar.

Ég tel — meðan svona standa sakir — ekki rétt, að efri deild afgreiði reikninginn. Ég tel einboðið, að deildin bíði með samþykkt sína á reikningnum, þangað til þetta einstæða óreiðumál hefur verið betur upplýst eða gerðar hafa verið fullkomnar ráðstafanir til, að það verði gert upp að lögum.

Uppgjöri rekstrarmáls togarans Brimness þarf að hraða, en samþykkt ríkisreikningsins liggur ekki sérstaklega á.

Tillaga mín er, að frumvarpi þessu verði frestað enn um sinn eða þar til fyllri upplýsingar liggja fyrir um rekstrarmál togarans.

Verði vefengt réttmæti tillögunnar, mun ég við umræðu málsins lesa upp úr áðurnefndu bréfi skilanefndarinnar til sönnunar því, að hér er um óvenjulegt og alvarlegt mál að ræða.

Alþingi, 21. marz 1962.

Karl Kristjánsson.